

Aðalfundur foreldrafélags Naustaskóla haldinn mánudaginn 2.október 2023 í sal Naustaskóla.

Mættir voru 21 að meðtöldum stjórnarmeðlimum.

1. Fanney setti fund kl. 20:02
2. Fanney kosin fundarstjóri og Elísa ritar fundargerð - samþykkt
3. Fanney flutti skýrslu stjórnar.
4. Engar lagabreytingar lagðar fram.
5. Anna Lilja kynnti reikning félagsins. Hann er aðgengilegur á heimasíðu Naustaskóla: <http://www.naustaskoli.is/is/foreldrar/fundargerdir-foreldrafelags>
6. Kosning fyrir skoðunarmanns reikninga, í stjórn foreldrafélagsins, fulltrúa foreldra í skólaráð, fulltrúi í stjórn SAMTAKA
 - a. Skoðunarmaður reikninga - Vaka og Eydís
 - b. Sigurveig býður sig fram sem formaður foreldrafélagsins, Anna Lilja gjaldkeri, Fanney ritari. Meðstjórnendur: Elísa, Ingibjörg, Kristín, Rósa. Valbjörn Vilhjálmsson/Katrín Elísa, (5.bekk) og María Sig (4.bekk) bjóða sig fram í stjórn foreldrafélags.
 - c. Fulltrúa foreldra í skólaráð - María Sigurðardóttir býður sig fram. Rósa María hefur verið og býður sig fram til að halda áfram.
7. Skýrsla skólaráðs flutt.
8. Önnur mál
 - a. Sagt frá sameiginlegum fundi foreldrafélaga grunnskóla á Akureyri vegna fyrirhugaðrar kynningar Samtakanna 78, þar sem farið verður yfir efnistösk Samtakanna í fræðslunni sem fer inn í skólana. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 5.október kl.20:30 í sal Naustaskóla
 - b. Fyrirspurn um fyrirkomulag á sameiginlegum fundum. Hvort SAMTAKA hefði rætt um að bjóða upp á fjar-fræðslufundi.
 - c. Vangaveltur varðandi hugmyndafræðina á bak við opin skólarými og áhyggjur af gæði námsins og allt það áreiti sem er í kringum opin rými. Vangaveltur um hvort hægt væri að gera könnun á meðal foreldra/barna um opið rými. Óska eftir mælingum á hljóðvist innan skólans. Er meira um veikindi/fjarveru kennara/nemenda?
 - d. Foreldrar lýsa áhyggjum vegna kennaraskorts, fyrirspurn um hvort búið sé að leysa manneklu á unglingastigi.
 - e. Umræður um loftgæði á svæði unglingadeildar.
 - f. Umræður um skólastarf. Ósk um jákvæð skilaboð heim - ekki bara það sem illa gengur. Hvetja foreldra til að gefa jákvæð viðbrögð á skilaboð kennara



Fundi slitið kl.20:56